# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 19

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fátækranefndarfundur þ. 10. febr. –

+1, Tómas Halldórsson biður um efni til skósmíða

+2, Sigurbjörn Ólafsson biður sjer greidd húsaleigu fyrir Aðalhermann Ólafsson

+3, Erindi Baldurs Benediktssonar

+4, Benjamín Einarsson um meðlag með barni Pálínu Pálsdóttur.

×5, Jóhann Jónsson frá Barði um hækkun á styrk fundargj. 9. sept.

×6, Ábyrgð á legukostnaði Guðr. Jónsdóttur

+7, Kai Kristensen

8, Meðlag með Ingunni Sigvaldadóttur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

60 ) 252 ( 70,00
222

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik den 7-10

Ærede Hr. Borgmester

Jeg vil bede Dem godhedsfuldt om at hjælpe mig med Familie til København, da jeg ikke haver Udsigt til at kunne klare mig her paa Island. Samtidig beder jeg Dem om at hjælpe mig med Husleje indtil jeg kommer til at rejse vis ikke der skulde være noget Arbejde imellemtiden

Ærb.

Kai Christensen
Maskinarbejder

I. Aok. 16/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með heiðruðu brjefi yðar, dags 28. þ. m., hafið þjer háttvirti herra borgarstjóri, tilkynnt mjer að fátækranefndin hafi samþykkt að jeg mætti taka til mín barn mitt og Pálínu Pálsdóttur. Jeg hafði tvívegis á fyrra skrifað fátækrastjórninni og farið þess á leit að hún veitti mjer samþykki sitt til þess að hafa full umráð yfir uppeldi þessa barns míns, en ekki fengið neitt skriflegt svar fyr en nú.

En jafnvel þó jeg, hinn 1. okt. f. á., ekki hefði fengið neitt játandi svar um þetta frá fátækrastjórninni, rjeði jeg þá af að taka að mjer allan kostnað af uppeldi barnsins framvegis frá þeim tíma, án þess að taka að mjer að borga neitt af því, sem þá var óborgað til þess tíma frá móðurinnar hálfu, sem hjónin Benidikt Jónsson og Ingibjörg Jóhannsdóttir segja sje 25 kr. þessa upphæð vil jeg ekki borga, og verð því að krefjast að það verði fyrir móðurinnar hönd borgað af fátækrasjóði bæjarins, og með því skilyrði vil jeg taka að mjer allan kostnað við uppeldi barnsins framvegis, án þess að gjöra neina kröfu til meðlags með því frá móðurinnar hálfu eða fátækrasjóðs. En vilji fátækrastjórnin eigi borga þessar ofangreindu áföllnu 25 kr., sem ógreiddar eru frá móðurinnar hálfu til 1. okt. f. á., neyðist jeg til að taka aptur tilboð mitt að borga framvegis allt meðlagið meðlagið fátækrasjóðnum að kostnaðarlausu, meðan

18
B. Kok.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

barnið er á ómagaaldri, heldur að eins borga með því 50kr á ári, eins og jeg, sem faðir þess, er með úrskurði er skyldaður til að greiða árlega með því. Jeg óska og vona að þjer, háttvirti herra borgarstjóri, annist um að þau hjón Benidikt Jónsson og Ingibjörg Jóhannsdóttir fái framanumgetnar ógoldnu 25kr borgaðar af fátækrasjóði, og að jeg síðan annist um uppeldi barnsins að öllu leyti fátækrasjóði kostnaðarlaust

Njálsgötu 48 í Reykjavík, 31. janúar 1910.

Virðingarfyllst.

Benjamín Einarsson

Til

borgarstjórans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kalsgötū 21 B

Hjer með vil jeg mælast til
að hinni hattvirtu fatækra nefnd
í Reikgjavik mæti þoknast
að borga mer 85 aura a dag
með gamalmenninu Jngunni
Sigvalda dottir með þvi að hun
er nu ordinn svo mikil aumingi
að manneska verdur sífelt að
vera yfir henni og oska jeg
að nemdin veiti þettað medlag
fra 14 þessa manadar
dag 10 Fepruar 1910
virdingar fillst

Eyrikur Filippus son

---

f. Rach. 17/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt að greiða 25 kr. á mánuði til bygðalegusta.

Ó. G.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurj. Ólafsson.

Reykjavík 1 februar 1910

Skólavörðustíg 4.

Med þvi ad mjer hefur tjád Ari Hermann Ólafsson sem er leigjandi í húsi mínu, ad hann ekki sjái sjer fært ad greida húsa-leiguna, sem er umsamin Kr. 10,00 á mánudi (en ádur fyrir sama pláss Kr 13,00)

Þá leifi jeg mjer hjermed ad bidja hæstvirtan Borgarstjóra ad sjá svo um ad mjer verdi greidd húsaleiga frá 1 januar þettad ár og framvegis

Virdingarfylst

Sigurj. Ólafsson

Til Borgarstjórans í Reykjavík

B. Roh. 19/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12.1 '10

Með því brunamálastjóri hr. Kr. Ó Þorgrímsson hefur ekki tekið til greina þessar kærur sem jeg hef kært fyrir honum ~~[illegible]~~

Ónýtar hreinsunarhurðir hjá
Jafet Sigurðssini skipstj. Kaplaskjóli og
Þórarin Jónssini Selsholti
Benjamín Sveinssini Stórasili
(Hurðin hjá Benjamín verður aðeins fest aptur með því að vefja hana tuskum hefur að sögn verið svo í mörg ár

Ónýtt kringum rör hjá
× Guðjóni Jónssini Norðurstíg (eldrahús, troðið tuskum með röri frá eldavjel)
× Sömul. á Bræðaborgarstíg No 26
× Ónýtt ~~kring um rör~~ hjá Oddi Helgasini Norðurbæ Hlíðarhúsum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áður hef jeg gjört brunamálastjórans góða eptir lit í fimm stöðum (í sjötta staðnum var það lagað strags þegar jeg benti á að þess þirti. Kærur þær sem brunamálastjóri segist hafa á hendur mjer og ber aðra fyrir gjet jeg ekki tikið til greina svo lengi sem hann (Brstj) ekki vill segja mjer hverjir kæra svo jeg gjeti borið ~~hönd~~ fyrir hufuð mjer

Virðingarfylst
Páll Ólafsson
(múrari)
settur Sótari

Til

Brunamála~~formannsins~~ nefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð ástæður mínar tökum veikinda konu minnar hamla mér frá að fara nokkuð burt frá heimili mínu til að leita mér atvinnu en hér er enga vinnu að fá, en þar sem jeg hef fjögur börn og heilsulausa konu en get lítið sem ekkert fengið að gjöra, sér hver maður hvort það muni vera nokkur möguleiki fyrir mig til að draga fram lífið í fjölskyldu minni, af hérgreindum ástæðum vil jeg leyfa mér virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur hvort hún ekki vildi hlutast til um að mér verði veittar að láni úr bæjarsjóði 150 Kr - fyrir (Efni) leður til skófatnaðar, svo jeg geti haft nægilegt að vinna til lífsframdráttar mér og mínum, og myndi jeg hafa fullkominn hug á að endurgjalda þetta lán smátt og smátt ef mér entist þar til líf og heilsa, jeg ber það traust til hinnar velæruverðugu bæjarstjórnar að hún muni gjöra að veita mér hér um beðið lán, því ekki er að ófyrirsynju beðið enda munu sumir hverir í bæjarstjórninni vera ástæðum mínum svo kunnugir að þeir vita að þörf mín er mikil

Reykjavík 2 febr. 1910
Virðingarfyllst.
Tómas Halldórsson

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur

[illegible] 20/ 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur